

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2020
UST202012-030/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Jökuldalsvegur - Gilsá að Arnórsstöðum. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 3. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða nýbyggingu Jökuldalsvegar (923) frá Gilsá og inn fyrir bæjarstæðið á Arnórsstöðum en þaðan verður núverandi vegur endurbyggður á um 1,0 km löngum kafla yfir Hnappá samtals um 4 km. Efnispörf er um 102,500 m³ þar af 60,000 m³ úr skeringum.

Nýr vegur mun liggja um svæði sem að stórum hluta hefur þegar verið raskað við fyrri veglagningu og um gömul tún með skurðum. Efnistakan úr námum fer að mestu leyti fram á svæðum þar sem efni hefur verið tekið áður. Skoðaðar voru þrjár veglínur og er talið að lína B sé best vegna minni áhrifa á landslag og minni neikvæðra áhrifa á minjar. Umhverfisstofnun fellst á rökin varðandi veglínu B.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Greinargerðin er góð og eins ítarleg og þörf krefur.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur



Axel Benediktsson
Sérfræðingur